

**Nd.**

### **83. Frumvarp til laga**

um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943.

Flm.: Finnur Jónsson, Pétur Ottesen, Eysteinn Jónsson, Lúðvik Jósefsson.

#### **1. gr.**

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1943, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1942, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talzt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

Með sama hætti er framlengd heimild til handa stjórnnum Landsbankans og Búnaðarbankans til lífeyrisgreiðslna.

Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. febr. 1943.

#### **2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1943.

#### **Greinargerð.**

Með því að sýnt þykir, að eigi vinnst tími til þess að afgreiða fjárlög fyrir árið 1943 fyrir áramót, en heimild skortir til greiðslu á nauðsynlegum útgjöldum eftir áramót, meðan þau eru ekki samþykkt, hefur fjárveitinganefnd ákveðið að beita sér fyrir frv. þessu, í samráði við þingflokkana. Hins vegar hefur verið talið sjálfsagt að hraða afgreiðslu fjárlaga svo sem unnt er, og er því heimildin um bráðabirgðafjárgreiðslur eigi látin gilda lengur en til 1. febr. 1943.